

Ræða PMB – 27. mars 2013

Ágæta starfsfólk Samherja og makar – aðrir góðir gestir.

Þetta er hátíðarstund og tilefnið er gleðilegt. Við komum hér saman til að láta gott af okkur leiða – til að styrkja fjölmörg verkefni sem öll miða að því að við lifum betra og innihaldsríkara lífi hér við Eyjafjörð.

Það sem gerir okkur kleift að styrkja með þessum hætti þau félög og verkefni, sem hér hafa verið tíunduð er öflugt starf ykkar og okkar allra sem hér erum og allra hinna starfsmanna Samherja sem ekki geta verið hérna með okkur í kvöld.

Rekstur Samherja og tengdra félaga gekk vel á árinu 2012 þó að hann hafi þyngst þegar leið á árið. Fiskverð á helstu mörkuðum hafa fallið og samkeppnin er mun harðari en fyrr. Það segir sína sögu um það hve stöðugleiki og afhendingaröryggi hafa mikið að segja í alþjóðlegum viðskiptum með matvæli að verð á norskum eldislaxi hefur ýmist staðið í stað eða hækkað á sama tíma og verð á þorski hefur lækkað um allt að 30% á heimsmarkaði á síðustu mánuðum.

**Ástæðan er einföld.** Það er eins og oft áður neytendur eru tilbúnir til að greiða hátt verð fyrir afhendingaröryggi og stöðugleika – fyrir þá vissu að fá alltaf afurðirnar afhentar á tilteknum stað á tilsettum tíma allt árið um kring. Þetta er ekkert mikið flóknara, og það er þarna sem við ættum að vera að berjast!

Ég hef í mjög ár bent á hve mikilvæg tengingin er á milli veiða, vinnslu og markaðsstarfs, og hversu verðmæt sú tenging er. Ef allir þessir þættir eru á sömu hendi – eins og þeir eru hjá Samherja – þá gefur það möguleika til aukins afhendingaröryggis og þar með herra og stöðugra afurðaverðs til lengri tíma litið.

Við hjá Samherja töldum, eins og fleiri, teikn á lofti um mitt síðasta ár. Framboð þorsk myndi aukast það mikið, að verð á mörkuðum færu í kljölfarið niður og samkeppnin harðnaði. Á sama tíma vorum við langt komnir með fyrsta heila rekstrarár ÚA í okkar eigu. Með tilkomu ÚA nær tvöfaldaðist það afurðamagn sem við erum að selja af þorski. Við brugðumst við og höfum lagt aukinn þunga í markaðs og sölustarfið og það að sinna viðskiptavinum okkar um allan heim. Við höfum líka lagt meira á okkur til að leita nýrra leiða og sækja inn á nýja markaði með afurðir okkar. Verkefni okkar alla daga er að sannfæra núverandi jafnt sem nýja viðskiptavinum um að við stöndum við gefin loforð varðandi gæði og afhendingaröryggi.

Á sama tíma og ein stærsta fiskvinnsla Noregs hefur gripið til þess að senda starfsfólk heim og tilkynnt að vinnslan verði lokuð allan aprílmánuð vegna slæmra aðstæðna á helstu mörkuðum fyrir þorsk hafið þið í landvinnslu Samherja unnið 10 tíma á dag að undanfögnu, **og við ætlum að vinna á annan í páskum, til að framleiða upp í pantanir.**

Langir vinnudagar ykkar eru hluti af þjónustu okkar við viðskiptavinina sem felst í því að afhenda fiskinn þegar markaðurinn vill. Til að þetta gangi upp verða allir að vinna saman sem eitt lið. Veiðarnar, framleiðslan, flutningarnir, salan og markaðurinn. Það er þarna sem skilur á milli og þarna myndum við forskotið sem gerið okkur kleift að vinna fisk þegar aðrir þurfa að senda fólk heim vegna aðstæðna á mörkuðum. Þetta er ekki sjálfgefið og ég vil þakka ykkur starfsmenn góðir fyrir þennan árangur og samvinnuna ykkar á milli.

Ég held það sé viðeigandi að skála fyrir ykkur enda sum ykkar sem byrjuðu að vinna kl 5 í morgun og veitir ekki af hressandi drykk.

Góðir gestir. Ég vil biðja ykkur um að lyfta glösum og skála fyrir þessu frábæra starfsfólki. SKÁL

Ég vil víkja nokkrum orðum að styrkjunum sem við höfum afhent hér í dag. Ég hef sagt það oft áður að það er stefna Samherja að láta starfsmenn félagsins og samfélagið í kring njóta þess þegar vel gengur. Liður í því var að greiða sérhverjum starfsmanni í landi 450 þúsund krónur í launauppbót á árinu 2012, umfram það sem kveðið er á um í kjarasamningum. Annar liður í þessari stefnu okkar er að úthluta þessum styrkjum hér í dag. Þetta er mögulegt þegar vel gengur í rekstrinum og lýsir þakklæti okkar til þess mikla starfs sem unnið er innan félaganna og gerir gott samfélagið hér betra.

Öll þau félög sem hér hlutu styrki eru vel að þeim komin. Þar starfar fjöldi sjálfboðaliða sem vinna óeigingjarnt uppbyggingarstarf við erfiðar aðstæður og eiga allt gott skilið.

Mig langar líka að víkja nokkrum orðum að þeim tveimur verkefnum sem við styrkjum í ár en hafa ekki hlotið styrk frá Samherja áður.

Samherji er nú orðinn einn helsti styrktaraðili Íþróttasambands fatlaðra og Special Olympics á Íslandi og verður það næstu þrjú árin. Við erum stolt af því að stuðla með þessum hætti að því að íþróttafólk með þroskahömlun hafi meiri möguleika en áður til þátttöku á leikum samtakanna. Ég veit líka að það gleður hana Kollu mikið að Samherji geti komið svo myndarlega að þessu máli eins og við erum að gera hér í dag. Hún hefur starfað að málefnum þroskaheftra mjög lengi, meðal annars, formaður Þroskahjálpar Norðurlands í 10 ár og situr hún nú í stjórn Landssamtaka Þroskahjálpar.

Hvað styrkinn til Öldrunarheimila Akureyrar varðar hef ég sömu sögu að segja. Við erum ákaflega stolt af því að stuðla að aukinni velferð íbúa þar og gefa **heldri** borgurum bæjarins kost á að nýta sér nútímataekni í samskiptum. Einhver hafði orð á því að undirliggjandi ástæða væri hækkandi aldur okkar Kristjáns! Við gætum hvorugur hugsað okkar að vistast á öldrunarheimili innan fárra ára, án spjaldtölvu og þvílíks tækjabúnaðs. Ég fullvissa ykkur um það, góðir gestir, að þessi tilgáta á ekki við minnstu rök að styðjast. Við erum báðir enn á besta aldri og þið losnið ekki við okkur á næstunni.

Okkur langaði til að tilkynna um eitt verkefni í viðbót sem er á sviði íþróttá og æskulýðsmála. Við höfum um nokkurt skeið unnið að því að fá nokkra af farsælustu þjálfurum Íslands á alþjóða vetvangi til að koma og tala á ráðstefnu um afreksíþróttir á Akureyri. Þjálfararnir eiga allir glæstan feril að baki og það er mikill fengur fyrir áhugafólk um árangur í afreksíþróttum að ná saman og hlíða á Íslendinga sem skarað hafa fram úr á sviði þjálfunar í alþjóðlegum íþróttum eins og þessir menn. Við munum tilkynna um fyrirkomulag og dagsetningu þessa viðburðar þegar lengra líður á árið og við finnum dag sem hentar þessum mönnum sem allir hafa tiltölulega þéttskipaða dagskrá.

En talandi um aldur.

Það er ótrúlegt til þess að hugsa en nú eru nákvæmlega 29 ár og 11 mánuðir frá því að við frændur gengum frá kaupunum á hlutabréfunum í Samherja og því ágæta skipi Guðsteini GK,

sem við svo sigldum hingað norður og breyttum í frystiskipið Akureyrina. Það er sem sagt sléttur mánuður í 30 ára afmæli Samherja! Ég held það sé full ástæða til að skála fyrir því!  
Skál!

Góðir gestir.

Mig óraði ekki fyrir því þann 27. apríl 1983 að tæpum 30 árum síðar myndi ég standa frammi fyrir svo glæsilegum hópi starfsmanna Samherja – og enn síður að hópurinn yrði svo stór sem raun ber vitni. Eflaust óraði engan fyrir því. Þessi 30 ára hafa að mestu verið okkur farsæl, nýjar áskoranir og krefjandi verkefni við hvert fótímal. Við höfum komist áfram alla þessa löngu leið og það er ekki síst ykkur að þakka, ágæta starfsfólk. Þið starfsfólk okkar eigið frábæra liðsheild sammerkta með þeim öflugum íþrótt- og æskulýðsfélögum sem við heiðrum hér í dag

Sem dæmi um útsjónarsemina í hópnum langar mig að segja ykkur örstutta sögu. Eilíft verkefni markaðs- og flutningadeilda Samherja er að koma ferskum gæðafiski okkar á borð neytandans úti í hinum stóra heimi á tilsettum tíma. Þegar um ferskan fisk er að ræða er flugið oft flutningsmátinn og þá geta góð ráð oft verið dýr.

Söludeildin vakir yfir öllu lausu rými í flugvélum sem héðan fara, hvort sem um er að ræða fragtflugvélar eða farþegavélar. Til marks um umsvifin get ég nefnt að Samherji hefur átt fisk í 17 flugvélum frá Íslandi einu og sömu helgina á hinum ýmsu Evrópuleiðum: Magnið er allt frá 100 kílóum í hverri vél upp í 10-12 tonn.

Haustið 2012 hélt hljómsveitin Sigurrós tónleika á Iceland Airwaves hátíðinni en hélt að þeim loknum í tónleikaferð til meginlands Evrópu. Vegna þess hve hljómsveitin var með mikið af búnaði hafði hún sína eigin vél til afnota. Og auðvitað frétti söludeild Samherja af þessum flutningsmöguleika. Til að gera langa sögu stutta tókst henni að koma fjögur þúsund kílóum af ferskum fiski í vélina, innan um öll hljóðfærin og tækjabúnaðinn – með ljúfu samþykki Sigurrósar.

### **Lokaorð:**

Ágætu gestir.

Við höfum átt hér saman góða og eftirminnilega stund. Formlegri dagskrá er nú lokið en þið megið gjarnan vera hér lengur, gera veitingunum góð skil og gleðjast í góðra vina hópi. Hér á eftir mun Dalvíkingurinn og Eurovision-keppandinn Eyþór Ingi, skemmta okkur eins og honum einum er lagið.

Um leið og ég þakka ykkur öllum fyrir komuna bið ég ykkur að lyfta glösum fyrir því góða starfi sem öll þau félög, sem hér hlutu styrki, hafa innt af hendi.

Von okkar er sú að þetta framlag Samherja hvetji þau til enn frekari dáða. Gangi ykkur allt í haginn!

**Skál!**